

**Sp.**

## **180. Þingsályktun**

um úthlutun bifreiða.

(Afgreidd frá Sp. 1. sept.)

Alþingi ályktar að kjósa þrjá menn í nefnd, til tveggja ára, og þrjá til vara, er hafi með höndum úthlutun bifreiða þeirra, sem inn eru fluttar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins, enda sé einkasölnni óheimilt að láta af hendi bifreiðar, nema eftir ákvörðunum nefndarinnar, en leita skal nefndin tillagna forstjóra einkasölnnar um úthlutunina.

Nefndin ákveður og, hverjir öðlast leyfi til innflutnings bifreiða, ef þær eru ekki fluttar inn af bifreiðaeinkasölnni.

Ákvæði þessi ná til allra bifreiða, sem keyptar eru og fluttar verða inn hér eftir, svo og þeirra bifreiða, er einkasalan hefur þegar keypt og eru í eigu hennar hér eða erlendis. Skal nefndin haga úthlutun bifreiðanna með hliðsjón af þörf almennings og atvinnuveganna, og er henni skylt að gefa Alþingi skýrslu um störf sín. Nefndin skal fylgja þeirri reglu við úthlutun fólksflutningabifreiða, að allt að tveir þriðju þeirra bifreiða, sem inn eru fluttar árlega, fari til atvinnubifreiðarstjóra og bifreiðastöðva.

Nefndinni er heimilt að ákveða, að þeir, sem bifreiðar fá til endurnýjunar, skuli afhenda bifreiðaeinkasölnni eldri bifreiðar sínar fyrir verð, sem ákveðið sé af tveimur dómkvöddum mönnum. Enn fremur getur nefndin ákveðið, að Bifreiðaeinkasala ríkisins hafi forkaupsrétt að þeim bifreiðum, er hún selur, fyrir kostnaðarverð, að frá dreginni fyrningu eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Bifreiðaeinkasölu ríkisins.